



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

770. fundur

Árið 2021, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 18. ágúst, kl. 8:00 á skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesja, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær.

Mætt eru: Jóhann Friðrik Friðriksson, Laufey Erlendsdóttir, Ingþór Guðmundsson, Hjálmar Hallgrímsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jóhann Friðrik Friðriksson setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. Fýsileikaskýrsla – Grænn iðngarður á Suðurnesjum.

Stjórn S.S.S. lýsir yfir ánægju með skýrsluna um græna iðngarða á Suðurnesjum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna áfram að næstu skrefum sem lögð eru fram í skýrslunni.

2. Erindi frá Þekkingarsetri Suðurnesja og GeoCamp Iceland.

Stjórn S.S.S. getur því miður ekki orðið við erindinu með því að leggja fram fjármuni til að greiða fyrir stöðu menntafulltrúa.

Stjórn S.S.S. leggur til að leitað verði annarra leiða til að fjármagna stöðu menntafulltrúa, t.d. innan Menntanetsins.

3. Byggðaáætlun - A.10. Almennings­samgöngur um land allt.

Óskað er eftir umsóknum í Byggðaáætlun, verkefni A.10 en það snýr að almennings­samgöngum um allt land. Markmiðið er að styðja við þróun almennings­samgangna, sérstaklega út frá byggðarlegum sjónarmiðum. Til ráðstöfunar er allt að 30 m.kr. og getur styrk­upphæð numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

Styrkhæf verkefni geta verið tengd:

- Þjónustu. Verkefni sem snúast um að samþætta almennings­samgöngur annarri þjónustu eða breytingum á rekstarformi, s.s. deililausnum og samflutningum.
- Markaðsmálum. Markaðsátak sem miðar að því að bæta nýtingu á núverandi þjónustu. Getur verið í ymsu formi og beinst að mismunandi hópum.
- Rannsóknir og þróun. Verkefni sem miða t.d. að nýsköpun í þjónustu.

Stjórn S.S.S. hvetur sveitarfélög er sjá um rekstur almennings­samgangna á sínu svæði til að sækja um styrki í Byggðaáætlun en umsóknarfrestur rennur út fyrir

Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær / sss.is / sss@sss.is / 420 3288

Jóhann Friðrik Friðriksson



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

miðnætti föstudaginn 10. september 2021. Framkvæmdastjóra falið að senda upplýsingar út til aðildarsveitarfélaga S.S.S.

4. Opnunarskýrsla Ríkiskaup – Niðurstaða örútbóðs á endurskoðun, dags. 29.07.2021.

Samningur um endurskoðun við núverandi endurskoðanda Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum rennur út á þessu ári. Í samræmi við fundargerð nr. 767 var framkvæmdastjóra falið að bjóða út endurskoðun S.S.S. og undirstofnanna þess sem og var endurskoðun Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja boðin út í sama örútbóði.

Tilboð voru opnuð 29.07.2021 og bárust tilboð frá:

521209-2449, Deloitte ehf.
5306122010, Enor ehf.
6101111730, Íslenskir endurskoðendur ehf.
5909750449, KPMG

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Heildartilboð
Deloitte ehf	2.300.000,-
Enor ehf.	3.600.000,-
Íslenskir endurskoðendur ehf	2.805.000,-
KPMG	4.800.000,-


Frávikstilboð voru ekki heimil skv. útbóðsgögnum.

Stjórn S.S.S. leggur til við aðalfund S.S.S. að tilboð Deloitte verði samþykkt.

5. Fundargerð Heklunnar nr. 86, dags. 11.06.2021.
Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:40.


Jóhann Friðrik Friðriksson


Laufey Erlendsdóttir


Hjálmar Hallgrímsson


Ingþór Guðmundsson


Berglind Kristinsdóttir

garbraut 945, 262 Reykjanesbæ / sss.is / sss@sss.is / 420 3288